

Erindisbréf nefndar um niðurfellingu sjúklingagjalda

Innheimta sjúklingagjalda skv. gjaldskrá Landspítala er gerð með vísan til reglugerða sem heilbrigðisráðherra setur¹⁾. Samkvæmt reglugerð er tekið tillit til aðstæðna fólks og öryrkjar, börn og aldraðir greiða lægra gjald. Landspítala er skylt að fylgja þessari reglu og gæta fulls jafnræðis í þeirri innheimtu.

Framkvæmdastjórum berast þó erindi frá læknum, deildarstjórum og öðrum yfirmönnum, þar sem óskað er eftir að innheimta á sjúklingagjaldi sjúklings sé felld niður. Í flestum tilvikum er beiðnin rökstudd og ýmsar ástæður tilgreindar.

Verklag

Í þeim tilvikum þar sem hugsanlega geta verið til staðar sérstakar og ríkar ástæður, sem gætu leitt til lækkunar eða niðurfellingar sjúklingagjalds, ber að senda skriflegt erindi, vel rökstutt, til nefndarinnar, stílað á deildarstjóra reikningsskila og fjárstýringar á skrifstofu fjármála.

Hlutverk

Hlutverk nefndarinnar er að meta beiðnir um niðurfellingu sjúklingagjalda þar sem vafi leikur á réttmæti niðurfellingar og leysa úr ágreiningi þar um. Markmið nefndarinnar er að gætt sé jafnræðis innan spítalans í niðurfellingu sjúklingagjalda með hag sjúklings og spítalans að leiðarljósi.

Nefndin skal:

- Afgreiða þær beiðnir um niðurfellingar sjúklingagjalda sem til nefndarinnar berast og svara þeim að jafnaði innan mánaðar frá dagsetningu beiðnar.
- Setja fram meginlínur varðandi niðurfellingar sjúklingagjalda á Landspítala
- Setja fram tillögur um úrbætur á reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu í ljósi úrlausnarefna nefndarinnar.

Skipan

Í nefnd um niðurfellingu sjúklingagjalda sitja

Gyða Ásmundsdóttir, deildarstjóri reikningsskila og fjárstýringar

Baldvin Hafsteinsson, lögfræðingur á lögfræðideild

Nanna Briem, framkvæmdastjóri geðþjónustu

Jón Baldursson, yfirlæknir á gæða- og sýkingavarnadeild

Nefndarmenn eru skipaðir til fjögurra ára. Nefndin starfar í umboði forstjóra.

Deildarstjóri reikningsskila og fjárstýringar kallar nefndina saman.

Landspítali, 8. febrúar 2023,



Runólfur Pálsson, forstjóri

1) [Reglugerð 1248/2019 um greiðslubátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu](#)